

Skólaráð Hörðuvallaskóla

7. fundur skólaársins 2019-2020, haldinn 03.06.2020

Skólastjóri: Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra: Linda Hilmarsdóttir, Björn Ásbjörnsson

Fulltrúi grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir

Fulltrúar kennara: Margrét Ingadóttir, M Hildur Jónasdóttir

Fulltrúi starfsfólks: Sigríður Einarsdóttir

Fulltrúi nemenda: Hávar Darri Vignisson, Gunnar Már Tryggvason

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Næsta skólaár

Ráðningar kennara eru að mestu frágengnar, vantar í ca 5 tíma í tónmennt annað komið. 11 leiðbeinendur, 7 fimmtaársnemar, 4 komnir styttra en hafa verið hér 1-2 skólaár. Uppstilling teyma tilbúin. Verið er að stokka upp bekk í 5. árgangi og 6. árgangi. Fækka þarf um eina bekkjardeild í hvorum þessara árganga. Fækkað verður um einn kennara í hvoru teymi í 2.árgangi en bekkirnir haldast óbreyttir. Í 3.árgangi var stokkað upp í fyrra, tvö teymi annað með 3 kennurum hitt með 2. Núna verður stokkað upp aftur og 2 ½ kennarastaða með hvoru teymi. Búið er að ráða aðstoðarskólastjóra, 18 umsóknir bárust, 10 voru teknir í viðtal. Sigrún Ólöf Ingólfssdóttir var ráðin. Hún er starfandi deildarstjóri í Öldutúnsskóla í Hafnarfirði. Edda aðstoðarskólastjóri fer í launalaust leyfi næsta skólaár og Nína hefur verið ráðin í hennar starf á meðan. Annar stjórnunarkvóti í skoðun.

Varðandi starfið næsta vetur verður megináherslan áfram á núvitundarvinnu og áframhaldandi vinnu varðandi námsmat og námsáætlanir með leiðsagnarmat að leiðarljósi. Þróunarverkefni um hæfnimiðað verkefnanám fékk styrk upp á 1.800.000 frá Sprotasjóði og verður unnið í bæði 7. og 8. árgangi næsta ár.

2. Húsnæðis- og lóðamál

Varðandi lóðamál í Vallakór er stefnt að því að ljúka framkvæmdum í sumar. Bílastæði við Vallakór er tilbúið til notkunar. Framkvæmdir við húsnæði í Vallakór í Hvannarsalnum eru hafnar og samkvæmt áætlunum á þeim að vera lokið 1.ágúst. [Teikning](#)

3. Skóladagatal

Komið hefur fram ábending um breytingu á [skóladagatalinu](#) frá HK um að heppilegt væri að færa viðtalsdaga í janúar frá 26. og 27. fram til 21. og 22. jan vegna þorablóts í Kórnum.

4. Skemmdir á húsbúnaði og húsnæði í Vallakór

Nokkuð hefur verið um [skemmdir](#) á húsbúnaði og húsnæði í Vallakór og umgengni er ekki góð. Hvað er til ráða?

5. Önnur mál

Næsti fundur áætlaður

fundargerð ritaði
Þórunn